

Fundur - 17.mars 2005

## Endurrit fundargerðar skipulags-, bygginga- og hafnarnefndar Reykhólahrepps 17. mars 2005

Ár 2005 þann 17. mars kom skipulags-, bygginga- og hafnarnefnd saman til fundar á Reykhólum. Fundinn sátu einnig byggingarfulltrúi og sveitarstjóri er reit fundargerð.

### Byggingamál

- 1) Synjun Umhverfisstofnunar á byggingu neyðarskýlis í Garpsdalsey, sbr. lög um vernd Breiðafjarðar. Um er að ræða erindi frá Hafliða V. Ólafssyni í Garpsdal. Umhverfisstofnun leitaði álits Breiðafjarðarnefndar skv. lögum og var sú umsögn jákvæð. Afgreiðsla Umhverfisstofnunar er hins vegar neikvæð. Sveitarstjóri lagði til að þessi synjun Umhverfisstofnunar yrði kærð til æðra stjórnvalds og var það samþykkt. Sveitarstjóra og byggingarfulltrúa falið að fylgja málinu eftir.
- 2) Erindi frá Böðvari Jónssyni f.h. Þjóðarráðs Bahaia, eiganda jarðarinnar Skóga í Þorskafirði. Um er að ræða endurnýjun á fyrri umsókn um heimild til að reisa gróðurhús í landi Skóga. Með umsókninni fylgir teikning sem sýnir byggingarfyrirkomulag gróðurhússins. Umsóknin samþykkt.
- 3) Byggingarfulltrúi greindi frá Flateyjarför sinni sl. föstudag og lagði fram aðalskipulag Flateyjar 1990-2010. Enn fremur lagði hann fram svarbréf Húsafriðunarnefndar ríkisins dags. 16. mars 2005 við fyrirspurn sinni frá 8. febrúar 2005.

Um er að ræða álit Húsafriðunarnefndar á byggingu sólþalla og skjólveggja við friðuð eða varðveisluverð hús á eyjunni.

Fram kemur m.a. í bréfinu að vanda þurfi verulega til byggingarframkvæmda á eyjunni, þar sem byggðin er talin hafa ígildi friðunar sem heild, þrátt fyrir að formlega hafi ekki verið gengið frá slíku. Ekki ætti þó að koma til greina að nota önnur efni en náttúruleg eða hefðbundin stakket úr timbri sem veitt geta töluvert skjól.

Fyrir fundinum lá að afgreiða breytingar á upprætti vegna skólahússins í Flatey. Á fundi nefndarinnar 14. október 2004 voru breytingar á skólahúsinu samþykktar en skjólvegg úr timbri og gleri hafnað. Á fundi nefndarinnar 13. janúar 2005 var lagt fram bréf frá eiganda skólahússins þar sem hann gerði athugasemd við þessa afgreiðslu byggingarnefndar og taldi hana á misskilningi byggða. Þar var þess farið á leit við byggingarnefnd að höfnun á framlögðum lóðarfrágangi verði endurskoðuð og dregin til baka.

Á janúarfundinum var byggingarfulltrúa falið að kanna málið frekar og leggja það síðan að nýju fyrir nefndina.

Byggingarfulltrúi lagði nú til að eigendum skólahússins yrði gert að koma með nýja tillögu að lóðarfrágangi (sólþallar og skjólveggur) sem unnin yrði í samvinnu við húsafriðunarnefnd.

Samþykkt.

Bogi greindi frá því að í maímánuði myndi hann fara út í Flatey með Magnúsi Skúlasyni form. Húsafriðunarnefndar ríkisins þar sem þeir myndu fara yfir stöðu gömlu byggðarinnar í Flatey.

Fram kemur í aðalskipulaginu að gamla þorpið í Flatey hafi sérstöðu í íslenskri byggingarsögu. Það er nánast eina húsapýrpingin hérlandis sem varðveist hefur í heillegri mynd og ber liðnum tíma vitni. Þorpið í heild sinni, sem og einstök hús eru talin til menningarsögulegra verðmæta sem nauðsynlegt er að varðveita.

- 4) Lögð var fram deiliskipulagstillaga fyrir Fremri-Gufudal. Innan skipulagssvæðisins eru þrjú sumarhús auk íbúðarhúss og útihúsa. Gert er ráð fyrir tveimur nýjum sumarhúsum.

Álftadalsá er ranglega nefnd Álftadalsá í tillögunni.

Um er að ræða 21,5 ha svæði á heimatúni Fremri-Gufudals.

Samþykkt að deiliskipulagið verði auglýst samhliða breytingum á fyrirliggjandi svæðisskipulagi.

- 5) Erindi frá Guðmundi Ólafssyni. Beðið er um byggingarleyfi fyrir sumarhúsi í Bjarkalundi samkvæmt gildandi deiliskipulagi. Um er að ræða lóðina nr. 2 við Stekkjarlund. Húsið er 60 fermetrar.

Byggingarleyfi veitt. Leita skal þó umsagnar slökkviliðsstjóra.

- 6) Byggingarfulltrúi lagði fram teikningar sem hann hafði unnið af mjólkurbúshúsinu / samkomuhúsinu á Reykhólum. Enn fremur voru lagðar fram tillögur að breytingum á útliti húsanna sem gera ráð fyrir að gluggar verði minnkaðir. Samþykkt að gluggar verði minnkaðir þannig að neðri brún haldi sér. Leggja þarf fram endanlegar teikningar áður en verk hefst.
- 7) Staðsetning á væntanlegu heilsuhótelu á Reykhólum. Væntanlegur er fundur í maí í vor á Reykhólum um þessi mál og gott væri ef væntanleg staðsetning lægi fyrir sem fyrst. Ákveðið að nefndin fari á vettvang ásamt sveitarstjóra og byggingarfulltrúa.

Kl. 17:00 var vettvangsferð lokið og fundi fram haldið. Nefndarmenn voru sammála um að svæði austur af Langavatni væri álitlegasti staðurinn fyrir heilsuhótel.

#### **Skipulagsmál**

- 8) Sveitarstjóri vakti athygli á því að mótmæli hefðu borist við að breyta götuheiti og húsnúmeri við Reykjabraut 11 á Reykhólum. Aftur á móti mætti e.t.v. athuga með nýtt nafn á götuna sem Maríutröð 5A, Maríutröð 5B og Álfaland standa við. Málinu frestað.
- 9) Námskeið um skipulagsmál sveitarfélaga, erindi frá Skipulagsstofnun. Lagt fram til kynningar. Námskeiðið verður haldið 14. apríl í Reykjavík.

Byggingarfulltrúi yfirgaf nú fundinn

*Bogi Kristinsson Magnusen (sign)*

#### **Hafnamál**

- 10) Reglugerð og gjaldskrár fyrir hafnir, erindi frá Hafnasambandi sveitarfélaga. Sveitarstjóra falið að kanna málið frekar.
- 11) Orðsending frá formanni stjórnar Hafnasambands sveitarfélaga dags. 14. mars. Lagt fram til kynningar.
- 12) Rætt um ferjubryggjuaðstöðu á Stað og samþykkt nefndarinnar frá 13. janúar 2005. Þar kemur fram að nefndin telji eðlilegt að framkvæmdir við dokkina í Staðarhöfn verði kláraðar sem fyrst. Þórði og sveitarstjóra falið að fylgja þessu máli eftir með bréfaskriftum til Siglingastofnunar og þingmanna.

Fleira gerðist ekki. Fundargerð upp lesin og samþykkt. Fundi slitið.

*Þórður Jónsson (sign)*

*Gústaf Jökull Ólafsson (sign)*

*Sveinn Ragnarsson (sign)*

*Einar Örn Thorlacius (sign)*